

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur um verktakasamninga.

*Hversu margir eru starfandi á verktakasamningum í ráðuneytinu?*

Í maímánuði 2011 var enginn starfandi í utanríkisráðuneytinu sem verktaki. Í sama mánuði sinntu 10 aðilar sérfræðistörfum fyrir ráðuneytið í verktöku. Enginn þeirra var með vinnu- aðstöðu í ráðuneytinu. Þar að auki voru 28 aðilar í verktöku við þýðingar fyrir Þýðingamið- stöðina en hún fellur undir sérstakan fjárlagalið, 03-111. Enginn þessara aðila er með vinnu- aðstöðu hjá Þýðingamiðstöðinni. Í samræmi við samskipti forsætisráðuneytis við fyrirspyrj- anda eru í svari þessu undanskildir verktakasamningar við iðnaðarmenn, hönnuði, ræstinga- fólk, öryggisgæslu o.þ.h.